

15. ágúst 2023

Kæru nemendur og foreldrar.

Nú er sumarfríið á enda og nýtt skólaár að hefjast. Við bjóðum nýja nemendur, foreldra og forráðamenn velkomna í hópinn og hlökkum til samstarfsins í vetur.

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 23. ágúst klukkan 8:30 og skóla lýkur klukkan 13:30.

Líkt og undanfarin ár útvegar skólinn nemendum ritföng og stílabækur sem eru ætluð til afnota í skólanum. Við viljum samt biðja ykkur um að merkja öll ritföngin í pennaveskinu og koma með til baka í skólann sem fyrst því eftir það verður pennaveskið í skólanum og því er mikilvægt að hafa sér ritföng heima.

Inngangur nemenda í 3. og 4. bekk er um aðalinnganginn og þar raða nemendur skónum í skóhillur og hengja yfirhafnir á merкта snaga. Einnig hafa nemendur aðgang að skáp á efri hæð fyrir framan heimastofurnar þar sem gott að geyma sundpoka og auka föt.

Í ár verðum við með 6 umsjónarhópa. Í dag eru skráðir 51 nemandi í 3. bekk og 64 nemendur í 4. bekk. Heimastofurnar okkar heita Úthlíð, Sunnuhlíð og Víðihlíð.



Hlökkum til að vinna með ykkur í vetur!

Bestu kveðjur, 3. og 4. bekkjarteymið.

Umsjónarkennarar:

Edda Ósk, Hulda Soffía, Ingibjörg Soffía, Nína Hrönn, Sigríður Hrönn og Pórey.

Lilja Guðrún sérkennari.

Cherie og Hulda Björk stuðningsfulltrúar.